

Til allra sveitarfélaga Könnun um innleiðingu hringrásarhagkerfis

Frá : Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>
CC : freyr.eyjolfsson <freyr.eyjolfsson@sorpa.is>;Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>;Hjálmsón, Hjálmur <hhjalmsson@kpmg.is>
Heiti : Til allra sveitarfélaga Könnun um innleiðingu hringrásarhagkerfis
Málsnúmer : 2207023
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 11.07.2022 16:40:54
Höfundur : Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>
Viðhengi image001.pngimage001.png

Til allra sveitarfélaga

Góðan dag,

Við hjá sambandinu erum auðvitað meðvituð um að það er ekki vinsælt hjá sveitarfélögum að fá í hendur ítarlega spurningakönnun á sumarleyfistíma. Þar sem frestur til innleiðingar hringrásarhagkerfis stýttist óðum eigum við þó ekki margra kosta vól og vonum eindregið að sveitarfélögin setji málið í farveg eins fljótt og þau geta í samræmi við leiðbeiningar hér að neðan.

F.h. sambandsins,

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Könnun um innleiðingu hringrásarhagkerfis

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Meðfylgjandi er könnun á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er unnin í tengslum við verkefnið - *Samtaka um hringrásarhagkerfi* - sem sambandið hefur sett á fót með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins til að aðstoða sveitarfélög við að innleiða þær miklu breytingar sem framundan eru, m.a. vegna nýrra lagaákvæða um úrgangsmál sem taka gildi 1. janúar 2023. **Óskað er eftir því að þeir starfsmenn sem hafa besta þekkingu á stöðu úrgangsmála, bæði hvað varðar framkvæmd og rekstur í sveitarfélaginu svari könnuninni.**

Verkefnið skiptist í þrjá hluta, sem allir hafa það hlutverk að renna styrkari stoðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfis hérlendis. Þessir verkefnahlutar eru:

1. Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku
2. Kaup í anda hringrásarhagkerfisins - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga
3. Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað

Könnunin er byggð upp samkvæmt þessari skiptingu.

Hafir þú einhverjar spurningar varðandi könnunina er bent á að hafa samband við Eygerði Margrétardóttir, sérfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, netfangið er eygerdur.margretardottir@samband.is eða Frey Eyjolfsson, freyr.eyjolfsson@sorpa.is

Óskað er eftir að hvert sveitarfélag svari könnuninni einu sinni. Niðurstöður könnunarinnar verða teknar heildrænt saman yfir landið en ekki eftir sveitarfélögum.

Þess er vinsamlega óskað að könnuninni verði svarað í síðasta lagi fyrir 9. ágúst nk. Þar sem nú er sumarleyfistími gerum við þó ráð fyrir að við þurfum að minna á könnunina ef ekki reynist unnt að svara fyrir umbeðinn frest.

Smellið hér til að taka þátt

Með bestu kveðju,

Freyr Eyjólfsson

Verkefnastjóri hringrásarhagkerfis

Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

Sími 6996434/5202230

[Sorpa.is](#) | [SORPA á fb](#)

[Góði hirðirinn á fb](#) | [Efnismiðlunin á fb](#)



[Fyrirvari um trúnað og meðferð upplýsinga á vef SORPU](#)